

2. fundur Betadeildar starfsárið 2021-2022 – haldinn í Menntaskólanum á Akureyri, 28. október kl. 19:00

Setning fundar

Hildur Hauksdóttir formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar sem voru að þessu sinni 18 talsins. Hildur bauð Selmu Hauksdóttur að kveikja á kertum og setti síðan fundarstjórn í hendur Sigrúnar Aðalgeirsdóttur.

Orð til umhugsunar

Þorgerður Sigurðardóttir flutti orð til umhugsunar. Hún gerði að umtalsefni þau tímamót þegar fólk hættir störfum og fer að fá greitt úr lífeyrissjóði, hvað ætli fólk hafi fyrir stafni. Sjálf sagðist hún hafa sett sér ákveðið skipulag eða stundaskrá þegar hún hætti að vinna og upplifunin hafi verið góð og alltaf sé nóg að gera. Meira að segja það mikið að ýmis áform hafi ekki komist til framkvæmda. Í þessu samhengi öllu lagði Þorgerður áherslu á mikilvægi félagsskapar og að fólk hugi að því þegar það hætti að vinna. Um leið hvatti Þorgerður undirbúningshópana í Betadeild að nota tækifærið og hittast þegar verið er að undirbúa fundi m.a. til að efla félagsandann í deildinni.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var haldinn var á Múlabergi þann 18. sept. Fundargerð var samþykkt með einni leiðréttingu.

Erindi frá stjórn

- Hildur sagði frá þeirri áherslu sem landssambandsstjórn setur á fjölgun í deildum fremur en að stofna nýja deild á starfsárinu. Markmiðið sé að fjölgja a.m.k. um tvær konur í hverri deild. Stjórnin minnir á nákvæmar leiðbeiningar um tilhögun þess hvernig samtökin eru kynnt fyrir nýjum konum. Konur ræddu um mikilvægi þess að auka fjölbreytni innan Beta með því að kynna starfið fyrir ýmsum starfsstéttum innan mennta- og uppeldisstarfa. Einnig var rætt um að horfa út fyrir Akureyrarbæ. Útbreiðslunefnd Betadeildar tekur við tillögum um nýjar konur í deildina til 1. desember.
- Hildur sagði að mestu búið að ganga frá skipulagi fyrir sameiginlegan jólafund Beta-, Mý- og Nýdeilda sem vera á 28. nóvember.

Önnur mál

- Hildur greindi frá nokkrum viðburðum sem komu í fréttum á fæðingardeginum hennar Eyglóar sem fæddist þann 19. október árið 1951. Eygló fagnaði því sjötíu árum í haust og af því tilefni færði Hildur henni gjafakörfu UNICEF frá Betrasysturum, gjöf sem gefur til barna í neyð. Eygló þakkaði gjöfina með fallegum orðum.
- Hildur flutti kveðjur frá fjarstöddum konum sem sáu sér ekki fært að mæta á fundinn.

Kaffiveitingar voru að vanda og pyngjan gekk á meðal fundarkvenna. Að þessu sinni var ekki dregið í happdrættinu.

Gestir fundarins voru fulltrúar Dekurdaga á Akureyri þær Inga Westmann og Vilborg Jóhannsdóttir. Þær sögðu frá tilurð þess að Dekurdagar voru stofnaðir á sínum tíma og hvernig þeir hafa tengst bleikum október og Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis. Jafnframt því sem áherslan hefur verið á að auðga verslun á svæðinu á þeim tíma ársins sem annars var með rólegra móti hefur sjónum verið beint að því að verslanir og fyrirtæki gefi til samfélagslegra verkefna. Þannig lýstu þessar framtakssömu verslunarkonur hversu dýrmætt þeim þætti að geta gefið til baka til samfélagsins. Fundarkonur klöppuðu gestunum lof í lófa og Sigrún þakkaði þeim með rósum og orðum um tákn samtakanna.

Fundarslit

Lilja slökkti á kertum og formlegum fundi var slitið kl. 20:45.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir